

Slökkviliðsstjóri eða starfsmenn hans skulu sjá um reglulega prófun á brunahönnum, og skal slökkviliðsstjóri tilkynna vatnsveitustjóra eða umsjónarmanni vatnsveitunnar hverjir ágallar hafa komið fram við prófun, og skulu þeir sjá um, að viðgerð fari fram strax og hægt er.

Enginn má taka vatn úr brunahönnum, né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra eða vatnsveitustjóra.

Slökkviáhöld skal geyma í slökkvistöð í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönnum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýst, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönnum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eld, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

13. gr.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönnum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefur, til að flytja í vatn og leyfa, að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefur umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefur verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál nr. 55/1969, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þjóts.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Þjóts, Akranesi, en það nær yfir Akraneskaupstað og Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við lágmarkstöluna 26. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Þjóts, bæjarstjórnar Akraness og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórufélagsins Þjótis á Akranesi utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórufélagið Þjótur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir vörubifreiðar á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 26. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 187 frá 30. nóvember 1959 um hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi.

Samgönguráðuneytið, 16. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Brunnár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Brunnár. Heimili þess og varnarþing, er Öxarfjarðarhreppur, Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að fiskgengu vatnasvæði Brunnár, þó ekki Sandá, en þær eru: Daðastaðir, Núpur, Akursel 1 og 2, Hróastaðir, Ærlækjarsel 2, Þverá, Klifshagi 1 og 2, Leifsstaðir, Viðines, Ærlækur, Gilsbakki, Gilhagi og Hafrafellstunga 1 og 2.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að